

Samningur

mennta- og barnamálaráðuneytis

við Menntaskóla Borgarfjarðar

Mennta- og barnamálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneytið, og Menntaskóli Borgarfjarðar ehf., kt. 530606-0900, í samningi þessum nefndur samningshafi, gera með sér svofelldan þjónustusamning um kennslu á framhaldsskólastigi:

1. Markmið með samningnum

- 1.1. Að vinna að þeim markmiðum sem tilgreind eru í 2. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, þar á meðal að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.
- 1.2. Að samningshafi starfræki framhaldsskóla sem hlotið hefur viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi, sbr. 12. gr. laga um framhaldsskóla og kenni eftir staðfestum námsbrautum sem falla undir reiknilíkan framhaldsskóla.
- 1.3. Að samningshafi gefi nemendum kost á heildstæðu og fjölbreyttu námsframboði til stúdentsprófs.
- 1.4. Að samningshafi bjóði upp á starfshætti þar sem gert er ráð fyrir margbreytileika nemenda þegar kemur að námslegum, félagslegum og þroskatengdum þörfum þeirra.
- 1.5. Að samningshafi leggi áherslu á að veita viðkvæmum hópum samhæfða og samþætta þjónustu og viðeigandi stuðning.
- 1.6. Að tryggja framgang stefnu, sbr. fjármálaáætlun á málefnasviði 20 Framhaldsskólastig, í málaflokki 20.1 Framhaldsskólar.

2. Framlag og skyldur ráðuneytisins

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 44. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, og 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, með fyrirvara um samþykki fjármála- og efnahagsráðherra.
- 2.2. Þjónustan sem samningur þessi kveður á um fellur undir stefnu ráðherra í málaflokki 20.1 Framhaldsskólar, sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál.
- 2.3. Rekstrarframlag ríkisins til samningshafa á grundvelli samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs, sbr. 43. gr. laga um framhaldsskóla og 22. gr. laga um opinber fjármál. Framlag ríkisins samkvæmt samningi þessum tekur breytingum í samræmi við forsendur fjárveitinga samkvæmt reiknilíkani framhaldsskóla og skal taka breytingum vegna almennrar launa- og verðlagsþróunar eins og hjá sambærilegum framhaldsskólum í fjárlögum hvers árs. Fjárhagsleg skuldbinding ríkisins verður aldrei hærri en fjárveiting í fjárlögum hvers árs á fjárlagalið skólans. Framlagið skiptist í 12 jafna hluta og verður greitt fyrsta bankadag hvers mánaðar inn á bankareikning viðskiptabanka samningshafa.
- 2.4. Leiði nemendauppgjör, sem miðast við almanaksárið, í ljós að reiknaðir nemendur í fullu námi eru innan við 97% af því sem viðmið í reiknilíkani segir til um, mun ráðuneytið krefja samningshafa um endurgreiðslu á framlagi sem nemur 75% af þeirri tölu sem getið er í reiknilíkani framhaldsskóla fyrir hvern nemanda í dagskóla og í fjarnámi sem upp á kann að vanta. Ráðuneytinu er jafnframt heimilt að krefjast samskonar endurgreiðslu á framlagi ákveði samningshafi að fækka nemendum umfram þann fjölda sem getið er í reiknilíkani framhaldsskóla.
- 2.5. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á samningshafi ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag samkvæmt samningnum verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 20.1 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna

sem falla undir málaflokk 20.1 hjá samningshafa. Komi til lækkunar á fjárveitingu til verkefnisins skulu samningsaðilar taka upp viðræður um að aðlaga verkefnið að breyttri fjárveitingu.

2.6. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.

3. Ábyrgð, skyldur og starfsemi samningshafa

- 3.1. Samningshafi skuldbindur sig til að starfrækja framhaldsskóla, sem hlotið hefur viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi, og fer um starfsemi skólans samkvæmt lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim.
- 3.2. Samningshafi starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga við um starfsemi hans, en einnig, eftir því sem við á, eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.
- 3.3. Að því leyti sem samningshafa er falið að fara með stjórnsýslu skal hann leysa úr málum sem varða réttindi og skyldur nemenda í samræmi við lög og reglur, þ.m.t. lög um framhaldsskóla og reglur og reglugerðir sem settar eru með stoð í þeim, stjórnsýslulög, nr. 37/1993, upplýsingalög, nr. 140/2012, og meginreglur stjórnsýsluréttar.
- 3.4. Skólameistari fer með yfirstjórn verkefna samkvæmt samningi þessum fyrir hönd samningshafa og kemur fram fyrir hans hönd gagnvart ráðuneytinu.
- 3.5. Forsenda samnings þessa er að samningshafi hafi gilda viðurkenningu skv. 12. gr. laga um framhaldsskóla, sbr. einnig reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010, á öllum gildistíma samningsins og er það á ábyrgð hans að sækja tímanlega um endurnýjun.
- 3.6. Samningshafi hlaut viðurkenningu ráðuneytisins til þriggja ára þann 14. apríl 2024, og er hún birt á vefsíðu skólans. Viðurkenningin grundvallast á skólanámskrá skólans og tekur hún eingöngu til kennslu þeirra staðfestu námsbrauta og námsloka sem þar eru upptalin.
- 3.7. Samningshafi tekur þátt í sameiginlegri innritun nemenda, og er innritun á ábyrgð skólans, sbr. 32. gr. laga um framhaldsskóla, og skal hún fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 1150/2008, um innritun nemenda í framhaldsskóla.
- 3.8. Samningshafi skal vinna gegn brotthvarfi nemenda yngri en 18 ára og hafa til staðar viðeigandi úrræði til að sporna gegn brotthvarfi þeirra.
- 3.9. Innheimti samningshafi gjald af nemendum vegna þeirrar þjónustu sem samningur þessi fjallar um skal ástæða gjaldtöku útskýrð á skilmerkilegan hátt og birt ásamt gjaldskrá á áberandi stað á vefsíðu skólans. Ætli samningshafi að hækka gjöld umfram verðlagshækkun eða leggja á ný gjöld skal skólinn fyrst afla samþykkis ráðuneytisins. Verði hækkun samþykkt af ráðuneytinu skal samningshafi kynna hana fyrir nemendum með góðum fyrirvara og útskýra ástæður hækkunar.
- 3.10. Um mat og eftirlit með gæðum starfs samningshafa, sem ráðuneytið fer með, fer samkvæmt VII. kafla laga um framhaldsskóla.

4. Fjárhagsmálefni samningshafa

- 4.1. Samningshafa ber að gæta þess að útgjöld séu í samræmi við tekjur og gæta ráðdeildar í rekstri. Framlagið og tekjur sem verða til í tengslum við samninginn er óheimilt að nýta í annað en þá þjónustu sem veita skal samkvæmt samningi.
- 4.2. Í nemendasamsetningu skólans er gert ráð fyrir um 90 % nemenda í dagskóla og um 10 % í fjarnámi. Miða skal við að heildarfjöldi reiknaðra nemenda í fullu námi skuli vera í samræmi við reiknilíkan framhaldsskóla sem getið er um í fjárlögum hverju sinni. Fari fjöldi reiknaðra nemenda í fullu námi yfir það sem getið er í reiknilíkani framhaldsskóla mun framlag ríkisins ekki hækka. Fari fjöldi reiknaðra nemenda í fullu námi undir þann

- fjölda sem getið er um í reiknilíkani framhaldsskóla, lækkar framlagið, sbr. 2.4. gr. samnings þessa.
- 4.3. Samningshafi á rétt á að kaupa þjónustu af verktökum vegna afmarkaðra þátta í rekstri skólans, en slík kaup leysa hann þó ekki undan ábyrgð á framkvæmd samningsins. Ekki skal gera minni kröfur til verktaka en gerðar eru til skólans í samningi þessum.
 - 4.4. Eigi samningshafi í viðskiptum við lögaðila sem hann á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila, svo sem stjórnenda hans eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
 - 4.5. Samningshafa er óheimilt að:
 - a. Efna til óvenjulegra ráðstafana í fjármálum eða skuldbindinga sem verulegar líkur eru á að stofni framkvæmd samningsins í hættu eða bitni á námi og nemendum sem samningurinn tekur til.
 - b. Veita önnur lán en þau sem tengjast rekstri skólans. Lán skulu ekki vera með lakari kjörum en almennt gilda í sambærilegum viðskiptum.
 - c. Greiða út arð til hluthafa eða lækka hlutafé með endurkaupum.
 - d. Afhenda og/eða framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - e. Framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997. Á þetta ekki við um hefðbundin viðskipti samningshafa við viðskiptabanka sinn.
 - 4.6. Með vísan til heimildar 3. gr. reglugerðar nr. 566/2021, um flutning fjárheimilda A-hluta milli ára, og þess að fjárveitingar til samningshafa eru á grundvelli A-hluta fjárlaga, er samningshafa heimilt að halda afgangi sem nemur allt að 4% af rekstrargjaldafjárveitingu ársins, séu hrein rekstrargjöld hans lægri en rekstrarframlag. Með vísan til sömu reglugerðarheimildar skal rekstri samningshafa hagað með þeim hætti að óráðstafað eigið fé í lok hvers almanaksárs vegna kennslustarfsemi sem fjármögnuð er af ríkissjóði á grundvelli samnings þessa, sé aldrei hærra en nemur uppsöfnuðum 10% af framlagi ríkissjóðs til samningshafa á árinu. Að undanskildu uppsöfnuðu eigin fé sem verður til í tengslum við rekstur fasteignafélaga samningshafa sem sjá um rekstur nemendagarða, Nemendagarðar MB ehf., kt. 570714-1980 og Nemendagarðar Menntaskóla Borgarfjarðar hses., kt. 450225-0290. Fari óráðstafað eigið fé vegna slíkra rekstrarliða yfir framangreind viðmið skerðast fjárframlög næsta árs um það sem því nemur.
 - 4.7. Auk lögboðinna trygginga skuldbindur samningshafi sig frá upphafi samnings að kaupa aðrar nauðsynlegar skaðabóta- og váttryggingar vegna rekstrarins þar á meðal vegna tjóns, sem veldur því að rekstur hans stöðvast.
 - 4.8. Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi samningshafa vegna framlags skv. samningi þessum aðgreindu frá öðrum fjárreiðum, bókhaldi og eignum hans.
 - 4.9. Að því leyti sem samningshafi fæst við önnur verkefni en felast í framkvæmd þjónustusamnings þessa skal gera grein fyrir fjárreiðum þeirra í ársreikningi skólans.
 - 4.10. Á samningstíma skal samningshafi viðhalda fullnægjandi lánshæfismati, þ.e. að viðhalda veltufjárlutfalli upp á 1 eða hærra.
 - 4.11. Samningshafi tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust, með skriflegum hætti, ef hann telur vafa leika á um að hann geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningi. Jafnframt skal samningshafi greina frá úrræðum sem hann hyggst grípa til.

5. Upplýsingagjöf samningshafa

5.1. Samningshafi skilar ráðuneytinu:

- a. Rekstraráætlun ásamt bráðabirgðauppgjöri og skóladagatali, þar sem fram koma m.a. helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok maí ár hvert.

27.00.25
LH DMK EKS

- b. Ársskýrslu, sjálfsmatsskýrslu og skólanámskrá fyrir lok júní ár hvert.
 - c. Endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum, sbr. lög um ársreikninga, nr. 3/2006, fyrir lok júní ár hvert.
 - d. Upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstri samningshafa.
 - e. Breytingum á samþykktum eða staðfestri skipulagsskrá samningshafa verði þær gerðar á samningstíma. Skal uppfærðri útgáfu skilað eins fljótt og verða má.
- 5.2. Samningshafi skal senda ráðuneytinu upplýsingar um fjölda nemenda í fullu námi í dagskóla og í fjarnámi og skráðar einingar þegar óskað er eftir þeim.
 - 5.3. Samningshafi veitir ráðuneytinu allar upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingagjafar. Ráðuneytið hefur heimild til að kanna aðstæður á vegum samningshafa þar sem þjónusta samkvæmt þessum samningi er veitt, auk þess að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur ráðuneytið óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.
 - 5.4. Athuga ber að Ríkisendurskoðun hefur heimild til að krefjast tiltekinna reikningsskila af samningshafa, og skal hann afhenda umbeðin gögn sé eftir því leitað, sbr. lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016.
 - 5.5. Samning þennan, ársreikning samningshafa, ársskýrslu, sjálfsmatsskýrslu, skólanámskrá og aðrar úttektarskýrslur skal birta á vefsíðu samningshafa jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er jafnframt heimilt að birta gögnin á vef sínum.
 - 5.6. Samningshafi veitir Hagstofu Íslands sundurliðaðar upplýsingar úr nemendabókhaldi og öðrum skráum vegna hagtalna í samræmi við gildandi flokkunarkerfi menntunar, íslensk sem og alþjóðleg. Ráðuneytið getur jafnframt kallað eftir þeim upplýsingum hjá samningshafa.
 - 5.7. Fulltrúar ráðuneytisins og samningshafi funda að lágmarki árlega um samninginn að frumkvæði ráðuneytisins, og eftir atvikum oftár eftir þörfum.

6. Vanefndir

- 6.1. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr, stöðva eða halda eftir greiðslum uppfylli samningshafi ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að rifta samningi þessum eða endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu, og öðrum kostnaði sem kann að falla til, ásamt vöxtum skv. ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, uppfylli samningshafi ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningur þessi er til 5 ára og gildir frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2030. Hefja skal viðræður um endurnýjun samnings eigi síðar en 6 mánuðum fyrir lok samningstímans. Aðilar skulu leitast við að ná nýju samkomulagi fyrir lok samningstímans til að tryggja samfellu í skólastarfi og hagsmuni nemenda.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Allar breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu aðilar gera skriflega í viðauka.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara. Komi til uppsagnar á samningi þessum af hálfu ríkisins skuldbindur

ríkið sig enn fremur til að standa við fjárskuldbindingar skólans sem lúta að starfsmannahaldi, sú skuldbinding er þó aldrei hærri en sem nemur þriggja mánaða fjárframlagi.

- 7.5. Við lok samnings skal fara fram sérstök úttekt á vegum ráðuneytisins á framkvæmd samningsins þar sem metið skal hvernig tekist hafi til á samningstímanum, eins og nánar er kveðið á um í 20. gr. reglugerðar um undirbúning, gerð og eftirfylgni samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni nr. 643/2018.
- 7.6. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og fjármála- og efnahagsráðuneytið einu.

Reykjavík, 27. október 2025



Guðmundur Ingi Kristinsson
mennta- og barnamálaráðherra



Bragi Þór Svavarsson skólameistari
f.h. Menntaskóla Borgarfjarðar



Daði Már Kristófersson
fjármála- og efnahagsráðherra
Samningur staðfestur
samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015

